


Rúm í gestaherbergið  
eða sumarhúsið



90x200



30.400 stgr.

75x200  
90x200  
105x200  
120x200  
140x200

Hornsófar  
Margar gerðir  
Margir litir



ÓRÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

# Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X Miðvikudagur 24. júlí 2002 • 30. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: [www.bb.is](http://www.bb.is) • Netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) • Verð kr. 200 m/vsk

## Bolungarvík

### Ólafur ráðinn fram á haust

Ráðningarsamningur Ólafs Kristjánssonar bæjarstjóra Bolungarvíkur hefur verið framlengdur til 31. október. Þetta var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur þann 10. júní sl. að tillögu Elíasar Jónatanssonar, forseta bæjarstjórnar.

Þar kom fram að Ólafur hefur lýst sig reiðubúinn til að starfa með nýjum bæjarstjóra og setja hann inn í starfið sé þess óskað. Fundurinn var sá síðasti fyrir sumarfrí bæjarstjórnar, en á meðan á því stendur hefur bæjarráð umboð bæjarstjórnar. Næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar er fyrirhugaður 29. ágúst.

## Vestfirðir

### Sjö sækjast eftir skattstjórastólnum

Sjö umsóknir bárust um stöðu skattstjóra Vestfjarðumdæmis en umsóknarfrestur um stöðuna rann út þann 14. júlí sl.

Umsækjendur eru Álfheiður D. Gunnarsdóttir, Björn Jóhannesson, Guðrún Björg Bragadóttir, Ólafur Páll Gunnarsson, Pétur Björnsson, Valdimar Tómasson og Þórir Jóhannesson.

Fjármálaráðherra mun skipa í stöðuna um næstu mánaðarmót til fimm ára frá og með 1. september.



## Sitja við ritstörf í verubúð Norðurtangans

– sjá viðtal við hjónin Hrafn Jökulsson og Guðrún Eva Mínervudóttir í miðopnu

Fjárskaði að Hólum í Dýrafirði

## Tæplega sjötíu lömb fæddust andvana vegna kattarsmits

Tæplega 70 lömb fæddust andvana á bænum Hólum í Dýrafirði í maí. Ástæða fjárskadans er rakin til smits frá köttum. Nokkur fjöldi katta hafði verið á bænum fram að

þessu en þeir fengu fljótlega að hverfa eftir að smitið kom upp.

Friðbert Jón Kristjánsson, bóndi á Hólum, segir að kattarsmit hafi komið upp víðar

og valdið fjárskaða. „Kettirnir hafa verið á bænum í nokkurn tíma en þetta hefur aldrei komið upp áður hjá mér. Mér skilst að smitið sé í öllum köttum og það hafi líka fundist í

mannfólki“, segir Friðbert.

Skaði Friðberts er mikill þar sem tryggingar ná ekki til fjárskada af þessu tagi. Hann hyggst þó athuga með styrk úr Bjargræðasjóði.

SAMKAUP

OPIÐ:

Virka daga  
kl. 09 - 21

Laugardaga  
kl. 10 - 21

Sunnudaga  
kl. 12 - 21

Verið  
velkomin!

SAMKAUP

NEISTA  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

# Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



[www.eimskip.is](http://www.eimskip.is) • Sími 456 5500

[www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) • Sími 456 5500

## Pingeyri

### Ölvunarakstur og ólæti á tjaldstæðinu

Lögreglunni á Ísafirði barst á þriðja tímanum í fyrrinótt, tilkynning um að tveir menn sem sætu við drykkju í húsbíl á tjaldstæðinu á Pingeyri, væru að egna hvorn annan til þess að fara á skytteri.

Lögregla fór á staðinn og gerði upptæka tvo rífla sem fundust í fórum mannanna, en lét annars iðju þeirra óátalda. Rúmum tveimur tímum síðar barst lögreglu aftur ábending frá tjaldstæðinu, nú þess efnis að ölvaður ökumaður æki þar um á sama húsbíl. Mun maðurinn hafa ekið fram hjá tjöldum á tjaldstæðinu og rakleiddis út af því, en ferð sína endaði hann á steypustöpli við ípróttahúsið á Pingeyri þar sem sat hann fastur og reyndi að losa bifreiðina þegar lögreglu bar að garði í annað sinn.

Að sögn lögreglu var maðurinn mjög ölvaður.

## Bolungarvík

### 16.500 tonn-um landað hjá Gná ehf

Í gær var landað um 1000 tonn um úr loðnuskipinu Erni í Bolungarvík. Skip eru enn að veiðum fyrir vestan Kolbeinsey, og að sögn Einars Jónatanssonar, framkvæmdastjóra loðnubræðslunnar Gnár, er veiðin eitthvað farin minnka. „Með þeim afla sem verið er að landa núna höfum við tekið inn 16.500 tonn á þessari vertíð“, segir Einar.

Ekki hafa fleiri skip boðað komu sína til Bolungarvíkur enn sem komið er. „Maður fer varlega í að fá afla, því ef við höfum ekki undan er hráefnið fljótt að skemmast“, segir Einar Jónatansson.

# Fjölbreytt dagskrá í fjóra daga

Dagskrá hins árlega Listasumars í Súðavík, sem fer fram helgina 8.-11. ágúst, hefur nú verið opinberuð og að vanda verður fjöldi forvitnilegra viðburða á dagskrá. Hátiðin hefst með námskeiði í gerð íkonamynda sem fer fram 7. og 8. ágúst. Þar kenna mæðurnar Sóley Veturliðadóttir og Sveinfríður Hávarðardóttir þessa mætu list. Opinber setningarathöfn listasumarsins fer fram kl. 20 að kvöldi fimmtudagsins 8. ágúst við félagsheimili staðarins. Hin árlega bíósýning í Súðavíkurbíói hefst stundarfjórðungi síðar, en að þessu sinni verður sýnd íslenska kvikmyndin Regína.

Á föstudeginum 9. ágúst ber hæst fjölskylduferð út á Fola-fót sem farin verður með Hornströndum ehf. Þar verða áhugasamir ferjaðir út í Fola-fót, en þaðan munu þeir ganga þriggja klukkustunda leið sem liggur yfir Fót og að Hesti. Þátttakendur verða síðan

keyrðir þaðan heim til Súðavíkur. Göngulúinir gestir ættu ekki að láta sér leiðast þá um kvöldið, því kl. 22 hefjast tónleikar Sextetts Kristjönu Stefánsdóttur, jazzsöngkonunnar góðkunnna frá Selfossi, í sal Grunnskóla Súðavíkur.

Klukkan 11 að morgni laugardagsins 10. ágúst verður gengið um gamla þorpið í Súðavík undir leiðsögn Ragnars Þorbergssonar. Ragnar er kunnugur öllum krókum og kimum þar, en gengið verður frá mósaiklistaverkinu við Aðalgötu. Tveimur tímum síðar hefst „Geislaglóð“, ípróttagleði ungmennafélagsins Geisla.

Kl. 14 verður Félagsmiðstöð Félags sumarbúa í Súðavík opnuð formlega í gamla pósthúsinu á staðnum. Þar hyggjast sumarbúar standa fyrir uppákomum á borð við sögukvöld og ljóðalestur fram á haust, en einnig verður félagsmiðstöðin vettvangur fyrir gesti til þess að sýna sig og

sjá aðra.

„Dýrðleg veisla“ nefnist viðburður er hefst kl. 15 þennan dag í nýrri þjónustumiðstöð Súðavíkurhrepps. Þar munu tveir Súðvíkingar snæða mat frá sjö þjóðlöndum með viðeigandi tónlist með hverjum rétti. Sýningargestir geta fylgst með tilburðinum um leið og þeir þiggja mat af veisluborðinu, en ílátin sem þeir eru bornir fram í eru sýningargripir. Samhliða veislunni verður samsýning listakvennanna Ingiríðar Óðinsdóttur, Jónu Thors, Sigríðar Erlu Guðmundsdóttur og Kristínar Ísleifsdóttur opnuð í þjónustumiðstöðinni.

Þá um kvöldið fer fram varðeldur og brekkusöngur í Súðavík, en í ár eru það Súðvíkingar sjálfir sem stýra herlegheitunum eins og þeim einum er lagið. Frosti Gunnarsson gegnir störfum brennstjóra, og Egill Heiðar Gíslason frá Grund og Stefán Kjartansson í Eyrardal stýra söng-

num. Eftir varðeldinn skokka gestir í Grunnskóla Súðavíkur, kaupa sér sérlagaða súpu og brauð og hita þar upp fyrir ball kvöldsins í félagsheimili Súðvíkinga, en þar leikur hljómsveitin Bland í poka fyrir dansi. Súpusérfræðingur þessa Listasumars er Súðvíkingurinn góðkunnur Esra Esra-son.

Lokadagur hátíðarinnar hefst með fjölskylduguðsþjónustu í Súðavíkurkirkju, en

að henni lokinni geta gestir matast í kaffihlaðborði á sal grunnskólans. Þar verður af-rakstur íkonanámsskeiðsins til sýnis auk þess sem leikararnir Þjóðkunnur Björgvin Franz Gíslason og Þórunn Clausen sýna uppfærslu Hafnarfjarðarleikhússins á sögunni um Rauðhettu. Kaffihlaðborðið er síðasti dagskrárliður Listasumarsins að þessu sinni, en því verður formlega slitið kl. 16 á sunnudaginn.

## Súðavíkurhreppur

# Ómar Már Jónsson ráðinn sveitarstjóri

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps samþykkti einróma á fundi á föstudag að ganga til samninga við Ómar Má Jónsson í starf sveitarstjóra. Ómar Már er iðnrekstrarfræðingur að mennt. Hann er fæddur og uppalinn í Súðavík, en hefur undanfarin ár starfað sem framkvæmdastjóri vörukynningarfyrirtækisins Fagkynningar ehf. í Reykjavík. Ómar Már var valinn úr hópi þrettán umsækjenda um starfið og er tekinn fram yfir Ágúst Kr.



Ómar Már Jónsson.

Björnsson, fyrrverandi sveitarstjóra hreppsins, og Friðgerði Baldvinsdóttur, núver-

andi sveitarstjóra sem bæði sóttu um starfið.

Aðrir umsækjendur um starfið voru eftirtaldir; Snorri Ásmundsson, Reykjavík, Einar Garðar Hjaltason, Akureyri, Áróra Jóhannsdóttir, Reykjavík, Bergþóra Kristín Grétarsdóttir, Reykjavík, Böðvar Jónsson, Kópavogi, Hafsteinn Sævarsson, Borgarnesi, Jakob Kristinnsson og Jón Kr. Auðbergsson, Bíldudal og Kristján G. Þorvaldsson og Vignir Þór Jónsson, Reykjavík.



Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla) fær tilsögn frá Aapanngujuk Jakobsen við smíðina.

## Smíða kajak úr timbri og bóðmull

Um þessar mundir eru nemendur á kajaksmiðanámsskeiði á vegum Siglingadaga við Ísafjarðardjúp, að leggja lokahönd á báta sína. Alls eru átta nemendur á námskeiðinu og smíða þeir saman fimm báta.

Meðal nemenda á námskeiðinu er kajakfrömuðurinn Sigurður Hafberg frá Flateyri, en hann segist hafa fulla trú á því að fleyturnar verði fyrirtaks smíði þegar yfir lýkur. Kennarar á námskeiðinu koma frá Grænlandi en það eru þeir Aap-

anngujuk Jakobsen og Ole Petrusen og nota þeir aðallega furu, ask og eik í grind bátanna sem klæddir eru með bóðmullardúk.

Formlegur lokadagur námskeiðsins, sem haldið er í tengslum við siglingadaga á Ísafirði, var á sunnudag. Þar sem ekki reyndist unnt að ljúka smíðinni nýttu sumir tækifærið og tóku sér frí frá vinnu á mánudag til að nýta grænlandsku kennarana enn betur, en þeir fara til síns heima von bráðar.

# Gatslitin plata

Grammófonplatan frá árinu 1915, sem bóndinn á Hrafnabjörgum spilaði í nýja safnahúsinu á Ísafirði á harmonikuhátíðinni í byrjun mánaðarins, hljómaði ólíkt betur en gatslitin plata stjórnvalda allra tíma um úttekt á skattsvikum, sem enn einu sinni hefur verið sett á fóninn, stjórnvöldum sjálfum til friðþægingar. Söngtextinn er kunnuglegur: Þriggja manna nefnd komin á koppinn, til að gera úttekt á neð-anjarðarhagkerfinu, sem talið er að velti tugum milljarða króna á ári hverju og vanskilum vörsluskatta, eins og það heitir á fínu máli að skila ekki innheimtufé til ríkissjóðs.

Samtök aldraðra sýndu nýverið fram á að skatthlutfall ellilífeyris hefði hækkað verulega síðasta áratuginn. Stjórnvöld segja á móti að ráðstöfunartekjur hafi hækkað á tímabilinu og því skipti skattahækkunin ekki máli. Auðvitað er þetta yfirlýsing um að lífeyrisþegar hafi ekki haft þörf fyrir alla kaupmáttaraukninguna og því hafi ríkisvaldið séð ástæðu til að höggva af henni með skattahækkun. Þetta eru skilaboðin til þess hluta þjóðarinnar, sem búinn er að skila dagsverkinu og fer ekki fram á annað en að fá að njóta ávaxta áratuga erfiðis og ævikvöldsins með reisin.

Búnaðarbankinn fer nú mikinn í að ná yfirtökum á SPRON í skjóli laga, sem þingheimur hefur greinilega misskilið (eða ekki skilið frekar en kvótalögin á sínum tíma) þá sett voru. Til verksins nýtur bankinn aðstoðar fimm kunnra manna. Fyrir hjálpsemina

mun hann, að sögn, ætla að þóknast hverjum og einum þeirra um allt að sjö milljónir. Fjarri lagi er að ofsónir yfir þessu lítilræði ráði þar um, að á þetta er minnst. Hins vegar er upplagt að hafa hliðsjón af þessu í umfjöllun um „skattaréttlætið“, sem blasir við í samfélaginu. Vinna fimm menninganna telst ekki „unnin með hörðum höndum“, heldur heitir þetta að „láta fjármagnið vinna fyrir sig.“ Á þessu tvennu er 28,54% skattamismunur, hinum hörðu höndum í óhag.

Eftirlaunaþeginn, sem átti þess kost að búa í haginn fyrir elliárin með líffeyrissparnaði og galt keisaranum fulla skatta af öllum tekjum sínum, þar með töldu því, sem hann lagði til hliðar til elliáranna, er ekki talinn þess verður að ávöxtun sparnaðar hans falli undir skilgreininguna að láta fjármagnið vinna fyrir sig, heldur meta stjórnvöld greiðsluna til hans, sem vinnu hinna hörðu handa og tvískatta hana þar með.

Kosningar til alþingsins nálgast. Stjórnmalamenn allra flokka verða að átta sig á því, að sá hluti þjóðarinnar, sem sætir því líku ranglæti og á sér stað með skattlagningu eftirlauna, er býsna stór. Hristi þessi fjölmenni hópur af sér klafann og sýni hversu voldugur og sterkur hann er, er hætt við að hrikri í innviðum á höfuðbólunum stjórnmalaflokkanna.

s.h.

## Frá útgefendum:

### Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Pingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Neffang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, neffang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Blaðamenn: Haukur Magnússon, sími 695 8158, neffang: haukur@bb.is, Hálfadán Bjarki Hálfadánsson, sími 863 7655, neffang: blm@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, neffang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

# „Harma þá neikvæðu umfjöllun sem skólinn hefur fengið“

Ekki eru meiri vandræði við skólalald í grunnskólanum á Suðureyri en gengur og gerist í öðrum skólum að sögn Magnúsar Sigurðar Jónssonar, skólastjóra. „Ég harma þá neikvæðu umfjöllun sem verið hefur um skólann og mót-mæli því harðlega að hér sitji fólk aðgerðarlaust ef vanda-mál koma upp,“ segir Magnús.

Talsverðar deilur hafa staðið um skólalald á Suðureyri síðustu vikur í kjölfar ákvörðunar fræðslunefndar Ísafjarðar-arkbæjar þess efnis að flutningur grunnskólanema milli skólalshverfa verði hédan af ekki heimill. Þetta mun gert til þess að framfylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að skólar á grunnskólastigi verði starfandi í öllum byggðakjörnum þess, en átta súgfirsk ungmenni hafa numið við Grunnskólann á Ísafirði undanfarin misseri og umsóknir um skólavist þar á næsta skólaári liggja fyrir frá ellefu nemum til viðbótar. Þótti fræðslunefndarmönnum slíkan flóttá nemandi frá grunnskólanum á Suðureyri líklegan til þess að grafa undan skólalaldi þar og var því ákveðið að haga málum á þennan hátt.

Ekki var tekið fram í bókun fræðslunefndar hvort þeir átta súgfirsku nemendur sem þegar hafa fengið inni við GÍ fengu að ljúka skólagöngu sinni á Ísafirði, en í bréfi sem foreldrum þeirra barst frá GÍ kom fram að „allir grunnskólanemendur til heimilis á Suðureyri (Súgandafirði) sem hafa verið skráðir í GÍ eða hafa sótt um skólavist í GÍ fyrir næsta skólaár, skuli

sækja skóla á Suðureyri frá og með næsta skólaári nema sérstakar ástæður hamli.“

Í grein frá foreldrum barnanna er birtist á bb.is telja þeir fram ástæður þess að þeir óska þess að börn sín sækji Grunnskólann á Ísafirði. Þar segir m.a.: „Ástæða brottflutnings á sínum tíma var sú að skólinn hér sinni ekki þeim skyldum sem á hann eru lagðar í dag. Einelti var viðvarandi, kennarar eða starfsmenn skólans gerðu ekkert í því að koma í veg fyrir það, sérkennslu ábótavant. Kennarar töluðu niður til krakkana og uppnefndu þau með orðum eins og saudur, asni og vitleysingur.“ Bréfið er undirritað af Jóni Arnari Gestssyni, Burkna Dómaldssyni, Violettu Mariu Leskooska og Agneeseke Am-brozoh.

Magnús S. Jónsson segir að sér þyki ákvörðun fræðslunefndar um flutning milli skólalshverfa eðlileg, enda hafi lengi legið fyrir að eitthvað þessu líkt þyrfti að gera til þess að skilgreina skólalshverfin í Ísafjarðarbæ. „Ennfremur kemur skýrt og greinilega fram í bréfi GÍ til foreldra þeirra átta barna er um ræðir, að flutningur væri heimill kæmu sérstakar ástæður til. Eins og fram kemur í bréfi þeirra Burkna og Jóns á bb.is, þá voru sérstakar ástæður fyrir flutningi þeirra barna til Ísafjarðar á sínum tíma. Því átti áframhaldandi skólavist fyrir börnin í GÍ að vera auðsött, þar sem þau höfðu stundað nám sitt þar síðustu tvö árin. En þeir, því miður, kjósa hinsvegar að nota ákvörðun fræðslunefndar sem átyllu til þess að veitast að skólanum á Suð-

ureyri með þessum hætti. Ég hélt að þeirra mál hefðu verið leyst fyrir tveimur og þremur árum, þegar börn þeirra fengu skólavist í Grunnskólanum á Ísafirði.“

Magnús segir ekki sitt að svara því sem kemur fram í bréfinu. „Þær alhæfingar og fullyrðingar sem koma þar fram eiga hinsvegar ekki við rök að styðjast og ég harma þær. Að sjálfsögðu koma upp ýmis vandamál í skólastarfi, hér líkt og annars staðar, en þá er mikilvægt að foreldrar og skólalshverfi taki saman höndum um að leysa þau. Gott samstarf heimilis og skóla er forsenda þess að vandamál verði leyst,“ segir Magnús.

Ástæður þess að svo margir súgfirskir foreldrar kjósa að senda börn sín til náms á Ísafirði segir Magnús vera margþættar og hann hafi ekki fengið skýringar á þeim öllum, enda hafi ekki verið gerð krafa um slíkt til þessa. Hann bendir einnig á að af þeim ellefu börnum sem sóttu um skólavist á Ísafirði fyrir komandi vetur sé einn nemandi sem mun koma til með að sækja sérdeild og tveir sem eru að flytja frá Suðureyri. „Jafnframt hefur fram komið ástæða flutnings hjá foreldrum fjögurra barna og hún er sú að sérkennslu á Suðureyri er ábótavant, að þeirra mati. Það gefur einnig auga leið að í svona litlu samfélagi hefur það mikil áhrif á fólk þegar umfjöllun um skólann er með þeim hætti sem hún hefur verið, samanber bréf Jóns Arnars og Burkna. Líklega hafa þeir ekki legið á þessari skoðun sinni síðan þeir fluttu börn sín í GÍ og er slíkur mál-



Magnús Sigurður Jónsson.

flutningur engum skóla til framdráttar. Mér þykir þó undarlegt, ef skólinn hefur jafn marga ókosti og þeir segja, að Jón Arnar ætli að láta yngsta barn sitt hefja skólagöngu á Suðureyri næsta haust.

Margt fleira gæti komið til og valdið þessari aukningu á flutningum, til dæmis má nefna að samgöngur milli Ísafjarðar og Súgandafjarðar hafa batnað til muna á síðustu árum. Tveir nemendur sem sækja um skólavist á Ísafirði

næsta vetur verða í 10. bekk og þar gætu auknir valmöguleikar ráðið einhverju um. Í kjölfar breyttra áherslna í grunnskólanámi byggist skólavist nemenda í níunda og tíunda bekk æ meir upp á valfögum og nema þau nú tíu tímum á viku. Við erum ekki jafn vel í stakk búin og stærri skólar til þess að þjónusta börnin hvað þetta varðar. Ég hef ekkert legið á þeirri skoðun minni að ég tel að betra væri að nemendur níunda og tíunda bekkjar á Suðureyri sæktu sitt nám til Ísafjarðar. Þá fengu nemendur fjölbreyttara val og ef til vill yrði það þeim hvatning til þess að

stunda menntaskólanám á Ísafirði þegar þau eru kunnug félagslífinu þar og jafnöldrum sínum.“

Magnús vill sem minnst segja varðandi þær áskanir er komið hafa fram á netspjalli bb.is. „Ég tel það ekki réttan vettvang til að leysa jafn viðkvæm mál og skólalald eru. Ég held að kennarar og starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri vinni af samvissusemi og trúnaði að velferð barnanna. Meginmarkmiðið með skólalaldinu er vitaskuld að börnin séu höfð í fyrirrúmi og menntun þeirra.“ segir Magnús S. Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Suðureyri.

**bb.is** *vestfirskt dagblað á netinu!*

## Gúmmíbátapjónustan ehf á Ísafirði

ætlar ekki að hætta skoðun á björgunarbátum í haust. Við höfum aukið við þjónustuna og flytjum nú inn sjósportfatnað frá eftirtöldum aðilum:

Kajakfatnað frá



Purrbúninga frá



Crewsaver

Blautbúninga frá **MARLIN**

Við eigum ennþá á lager:

- Slöngubáta frá Zodiac og Quicksilver
- Utanborðsvélar frá Suzuki og Mercury
- Sjóskíði frá Quicksilver
- Flotvinnugalla, björgunarvesti og margt fleira.
- Höfum kaupendur að notuðum slöngubátum, utanborðsvélum og fleiru tengdu sjósporti



Gúmmíbátapjónustan ehf  
Grænagarði - Sími 456 5314

## Framkvæmdir við hafskipabryggjuna á Flateyri

# Ný þekja bætir aðstöðuna til muna

„Það eru mestar framkvæmdir hér á Flateyri og mér sýnist að flestar gröfur á norðanverðum Vestfjörðum séu að vinna hérna. Þetta er aðal staðurinn,“ sagði Einar Halldórsson, gröfumaður frá Ísafirði, við fréttaritara flateyri.com þar sem hann vann að undirbúningi þess að steipt verði þekja á hafskipabryggjuna á Flateyri.

Það er verktakafyrirtækið Eiríkur & Einar Valur ehf. á

Ísafirði sem annast framkvæmdirnar. „Þetta sem ég er að grafa núna er fyrir húsi undir ljósamastur og svo þarf að grafa fyrir lögnum, rafmagni og vatni. Þetta er þó nokkur framkvæmd og á að klárast í haust,“ segir Einar á meðan hann fönðrar við að grafa upp gamla olíuleiðslu.

Mikil bót mun verða af því að fá þekjuna steipta og munu nú löndunarmenn ekki lengur þurfa að hrossast á lyfturum á

ólsléttu yfirborði bryggjunnar. Þó höfnin sé stór kemur iðulega fyrir að nota verði hana alla þegar tugir báta landa á sama tíma. Hafnaraðstaða á Flateyri verður eftir þetta með því besta sem þekkist enda er á staðnum flotbryggja og smábátahöfn auk hinnar stóru hafskipabryggju þar sem eru þrjár löndunarkranar fyrir smærri báta. Vatn og rafmagn er meðfram öllum bryggjuköntum og aðstaða því til fyrirmyndar.

# Á ferð á seglskútu um Norður-Atlantshaf

Súðavíkurmærin Ester Ösp Guðjónsdóttir sigldi snemmsumars um 1.520 sjómíla leið frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur með viðkomu í sjávarþorpum í Danmörku og Noregi og á Hjaltlandseyjum. Farkosturinn var finnsk tveggja mastra skúta að nafni Fiia.

Siglingin, sem enn stendur yfir með nýrri áhöfn, er lokaverkefni tveggja finnskra listaskólanema sem þær kalla „Nordic messages from the seas“. Markmiðið með verkefninu er að norræn ungmenni komist í kynni við hafið og sjávarþorp Norðurlanda milli þess sem þau skapa listaverk á hafi úti með aðstoð ýmissa miðla ásamt því að læra þá mætu list að sigla seglskútu. Ester er ein þriggja vestfirskra stúlkna er voru valdar til þess að taka þátt í verkefninu. Auk hennar sigla systurnar Kristjana Sigríður og Borgný Skúladætur frá Þingeyri við Dýrafjörð með ævintýrafleyinu Fiia.

## Enn með saltbragð í munni

Það liggur við að Ester sé ennþá með saltbragð í munni þegar hún mætir til viðtals. Enda er þá ekki liðin heil vika frá því að hún kvaddi skútuna Fiia með söknuð í hjarta eftir rúmlega þriggja vikna veru þar um borð. Hún segist fyrst hafa fengið fregnir af siglingunni síðla vetrar og ákveðið að slá til og sækja um þátttöku, þar sem verkefnið hljómaði vel í eyrum hennar.

„Það var margt sem kom til að ég ákvað að sækjast eftir þátttöku í verkefninu. Ég hef alltaf fundið mikla tengingu við hafið og ólst nánast upp á bryggjunni í Súðavík. Faðir minn er sjómaður og ég var á sjó með honum eitt sumarið. Einnig fannst mér sjálf hugmyndin áhugaverð. Helsta ástæðan er þó sú að ferðin hljómaði eins og ævintýri og það er ekki á hverjum degi sem maður fær tækifæri til að upplifa slíkt“, segir Ester.



Ester sitjandi á aðalbómunni. Lífið um borð var ekki bara harðræði.

Til þess að sannfæra verkefnisstjórana um listræna hæfni sína þurfti hún að skila inn listaverki sem sýndi tengingu hennar við hafið. „Ég ákvað að senda rekaviðarbrútt frá Rekavík bak Látur á Hornströndum sem ég hafði málað og skreytt með öldum og marbendlum.“

## Þrjóskaðist við sjóveikinni

Þegar umsókn Estarar hafði verið samþykkt þurfti hún að útvega sér styrki til ferðarinnar. Zontaklúbburinn Fjörgyn, Súðavíkurhreppur og Hornstrandir ehf. studdu rækilega við bakið á henni svo hún gæti ferðast með Fiia. „Það var frábært að fá hjálp frá svo mörgum, án þeirra hefði ég einfaldlega ekki komist“, segir hún. Þegar peningamálin voru komin á hreint setti Ester stefnuna á Kaupmannahöfn, þar sem ný áhöfn átti að taka við skútunni. „Það fyrsta sem við gerðum var að skoða skútuna. Við vorum frædd um

grunnatriði skútusiglinga, hvernig seglin virka, hvernig á að hífa þau og taka niður og hvernig best er að geyma farangur í kátunum svo hann slasi okkur ekki þegar skútan veltist um í öldugangi.“

Þegar þeirri vinnu var lokið lögðum við loks af stað í ferðalagið. Áhöfn Fiia samanstóð af Grænlandingi, Dana, þremur Svíum og þremur Finnum auk Esterar, en einnig voru skipuleggjendur verkefnisins um borð ásamt stýrimanni og skipstjóra í fullri vinnu. „Það kom mér talsvert

Eftir tvo daga á skútunni voru hins vegar flestir orðnir nokkuð sjóaðir og þá gátum við tekið til við að kynnst hvert öðru almennilega. Fyrstu vikuna notuðum við nánast bara ensku til þess að tjá okkur. Eftir það blómstruðu tungumálin og við vorum öll farin að tala einhvers konar sambland af Norðurlandamálunum.“

## Að standa sína pligt

– Hvað aðhöfðust þið svo þegar komið var af stað?

„Það var mismunandi hvað

Svo fór líka mikill tími í að læra að sigla. Við þurftum að fylgja mjög strangri áætlun sem fólst m.a. í því að hvert okkar tók nokkrar vaktir á hverjum sólarhring þar sem við fylgdumst grannt með skútunni og framgangi siglingarinnar. Reyndar var það bara eins og vinna og þar voru engar afsakanir teknar gildar. Það gildi einu hvort maður var sjóveikur, þreyttur, með hausverk eða bara illa upplagður, maður gerir það sem gera þarf og stendur sína vakt. Það er ákveðinn agi sem maður þarf

## Heilluð af Hjaltlandseyjum

Ferðalag Fiia yfir Atlantshafið gekk yfir heildina lítið vandræðalaust. Þó urðu nokkrar tafir þegar halda átti frá Noregi til Hjaltlandseyja, sem voru einn viðkomustaða leiðangursins, vegna slæms veðurs á Norðurhafinu. Því þurfti áhöfnin að sigla milli hafna í Noregi um nokkurra daga skeið og bíða þess að óveðrið gengi niður. En þegar haldið var aftur af stað tók ekki betra við því vél skútunnar bilaði.

„Þá var ekki um annað að ræða en að bíta á jaxlinn, snúa aftur til Noregs og láta gera við vélin þar þrátt fyrir að við hefðum verið búin að sigla í fleiri tíma í gagnstæða átt. Allar þessar tafir urðu á endanum til þess að við gátum ekki stoppað nema fjórar klukkustundir á Hjaltlandseyjum, en þar hafði verið fyrirhugað að dvelja í heila tvo daga. Mér þótti leiðinlegt að geta ekki verið þar lengur, því ég varð alveg heilluð af eyjunum á þeim litla tíma sem við dvöldum þar. Það voru mikil viðbrigði að sjá ekta breskan bæ með gráum steinsteyptum húsum eftir að hafa siglt með ströndum Noregs framhá þorpum sem samanstóðu mestmegnis af pastel-lituum sveitahúsum.“

## Í bómu yfir ólgusjó

„Á leiðinni til Hjaltlandseyja sá ég líka eina mögnuð-



Hetjuleg uppstilling. Horft í átt til Íslands.

á óvart að mikill meirihluti þátttakenda í verkefninu er kvenkyns. Ég hélt alltaf að strákar væru meira fyrir seglbáta og svoleiðis græjur.“

– Fannst þú eitthvað fyrir sjóveiki þegar komið var á haf út?

„Ég hafði nú ekki búist við því að verða sjóveik á ferðalaginu þar sem ég þykist frekar von sjóferðum, en fyrstu tvo dagana voru næstum allir um borð grænir í framan af sjóveiki nema skipstjórin og stýrimaðurinn. Enginn annar var undanskilinn og þeim sem veltingurinn hafði ekki áhrif á varð bara flökurt af því að horfa á hina æla. Mér fannst sjálfri alveg fjarstæðukennt að ég yrði sjóveik og þrjóskaðist þess vegna við að viðurkenna fyrir sjálfri mér að ég væri slöpp. Ég held jafnvel að það hafi bjargað mér frá því að verða veikari en ég varð.

hver og einn gerði á skútunni. Þema þessa leggjar verkefnisins var að fylgjast með breytingunum sem verða þegar farir er úr innhafi og í úthaf. Við stoppuðum í höfnum á um tveggja daga fresti og leituðumst þá við að kynnst fólkinu á viðkomandi stað og kanna viðhorf þess til hafsins og hvernig hafið hefur haft áhrif á líf þess. Svo voru krakkarnir að sinna mismunandi verkefnum. Ein stúlkan var allan tímann í því að skrifa ljóð um okkur og leiðangurinn, einn teiknaði það sem fyrir augu bar, einhverjir voru að ljósmynda og aðrir héldu viðamiklar dagbækur. Fólk fylgdi með ákveðnum hlutum um borð og safnaði heimildum til þess að skapa listaverk. Af rakstur þessarar vinnu má sjá á sýningu um verkefnið í Hafnarhúsinu í Reykjavík sem verður uppi fram á haust.

að temja sér úti á sjó og ég er ekki frá því að það væri gott fyrir flesta unga Íslendinga að reyna eitthvað á borð við þetta. Ég veit að ég hafði í það minnsta gott af þessari reynslu.“



Dolfallnir áhafnarmedlimir horfa á Heimaey.



Ester Ösp Guðjónsdóttir.

ustu sýn lífs míns til þessa þegar við sigldum fram hjá norskum olfuborpalli þegar tekið var að kvöldi. Það er alveg einstakt að sjá þessar ljósaborgir standa upp úr auðn hafsins. Birtan í loftinu olli því að mér leið hálfpartinn eins og ég væri að sigla inn í vísindaskáldsögu. Reyndar var ekki lítið um svona upplifanir í ferðinni. Mér leið stutt og stöðugt eins og ég væri að taka þátt í einhverju miklu ævintýri.

Á leiðinni frá Hjaltslandi til Færeyja lentum við t.a.m. í miklu roki og öldugangi þegar ég átti vakt uppi á dekki. Þetta var um miðja nótt og kolniðarmyrkur úti, en vegna vindáttarinnar þurftum við að rífa meginseglið og binda það niður. Það var rosaleg upplifun að hanga yfir ólgandi hafinu með báðum höndum í ránni, reynandi að binda niður seglið með lappirnar í lausu lofti og vitandi að það eina sem hélt mér frá því að detta voru mínar eigin hendur.

Síðar sama kvöld lá ég svo sofandi í káetunni minni þar sem ég átti frívakt. Það var enn mikill öldugangur og ég vaknaði við að báturinn gekk undan mér. Ég var í örfáar sekúndur stödd í lausu lofti án þess að átta mig almennilega á því og rétt náði að hugsa „hvar er koddinn minn?“ áður en ég skall niður í kojuna aftur, beint á koddann. Þetta er ævintýramennska, þetta er ak-sjón“, segir Ester og brosir.

### Tími ævintýranna er ekki liðinn

Þrátt fyrir að Ester hafi notið sjóferðarinnar til hins ýtrasta og upplifað þar mörg ævintýri var hún engu að síður fegin þegar fyrstu merki um heimalandið tóku að sjást við sjóndeildarhringinn. „Það var góð

tilfinning þegar ég gerði mér grein fyrir því að þetta hvíta sem ég sá við sjónarröndina var ekki ský heldur Vatnajökull“, segir hún. „Ég þrætti reyndar við hin í áhöfninni sem héldu því lengi vel fram að stolt okkar Íslendinga væri ekkert annað en skýjabakki. Þegar fólk skreið upp úr káetunum sínum klukkan átta morguninn eftir lék hins vegar enginn vafi á því að við værum að nálgast áfangastað. Við blöstu Mýrdals- og Eyjafjallajökull í glampanði sólinni og mávar sveimuðu milli fiskibáta skammt frá okkur. Þegar ég leit yfir þetta laust þeirri hugsun í mig að ég væri komin alla leið yfir Atlantshafið á skútu. Það er ansi stór hugsun að hafa gert eitthvað á borð við þetta og mér varð þá ljóst hversu verðmæt þessi ferð á eftir að verða mér þegar fram líða stundir.

Að sigla á tíu hnúta ferð undir segli með öldurnar fyssandi umhverfis mig, vindurinn blæs, maður horfir á skýin og hefur eitt andartak ekki minnstu hugmynd um hvaða dagur er eða hvað maður heitir yfirleitt. Í stutta stund samanstendur umheimurinn af blárrí audn hvert sem augað lítur og þá er eins og lífið sé fullkomið, ævintýri.“

– En heldur þú að verkefnið eigi eftir að skila einhverju til hins almenna borgara?

„Fólk getur að sjálfsögðu farið í Hafnarhúsið og skoðað hvað við höfðumst að á þessum þremur vikum. En ég held að það mikilvægasta séu kannski skilaboðin sem við sendum umheiminum; það er hægt að upplifa ævintýri þó að nútíminn hellist óðum yfir okkur. Það er hægt að taka skref til baka til þess að upplifa heiminn og finna vindinn á andlitinu. Það er ennþá hægt.“



Þrír efstu í kajakróðrinum. F.v. Sveinbjörn Kristjánsson, Halldór Sveinbjörnsson og Gunnar Tryggvason ásamt Rúnari Óla Karlssyni.

## Siglingadagar við Ísafjarðardjúp

# Sveinbjörn sigraði í kajakróðri

Sveinbjörn Kristjánsson frá Bolungarvík sigraði í keppni í kajakróðri sem haldin var á Ísafirði á laugardag í tilefni af siglingadögum sem standa yfir. Keppnin var mjög spennandi og tók það Sveinbjörn 56 mínútur og 11 sekúndur að róa tíu kílómetra, en þjálfari hans, Halldór Sveinbjörnsson, kom í mark tveimur sekúndum síðar.

Af þeim sem réru styttri vegalengdina, 6,5 kílómetra, var Baldur Pétursson frá Flateyri röskastur, réri á 36:24. Þá sigraði Elísabet Finnbogadóttir

í kvennaflokki og réri 6,5 kílómetra á 44 mínútum. Elísabet var reyndar eina konan sem tók þátt og vilja forkólfar kajakíþróttarinnar hvetja vestfirskar valkyrjur til að snúa sér að kajakróðri.

Um kvöldið gerðu kajakmenn sér glaðan dag í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Sigurður Rúnar Jónsson, betur þekktur sem Diddi fiðla, lék á harmonikku fyrir lúna en ánægða kajakgarpa og Rúnar Óli Karlsson, einn skipuleggjenda siglingadaga, lék á gítar.

Siglingadögum verður fram haldið um næstu helgi. Á föstudag hefst kajaknámskeið í Reykjanesi í umsjón Halldórs Sveinbjörnssonar og munu enn nokkur sæti vera laus. Hægt er að skrá sig hjá Halldóri í síma 894-6125, eða hjá Péttri síma 893-1791.

Þá má ekki gleyma hinu rómaða bátaballi í Ögri sem haldið verður á laugardagskvöld. Hljómsveitin Rós mun þar leika fyrir dansi og að vanda verður boðið upp á rabbabaraugraut með rjóma í hléi.

## Deild 21 innan Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar

# Ágæt útkoma í umhverfismati hjá fyrirtækjum

Fyrirtæki í Ísafjarðarbæ koma ágætlega út úr umhverfismati sem deild 21 innan vinnuskóla bæjarins gerði í sumar. Alls var skoðað ytra umhverfi 70 fyrirtækja í öllum þéttbýliskjörnum bæjarins og gerð könnun á innra umhverfi.

„Niðurstöður ytra matsins komu ágætlega út. Af 70 fyrirtækjum voru 21 fyrirtæki sem fengu engar athugasemdir og voru talin til fyrirmyndar fyrir Ísafjarðarbæ“, segir í niðurstöðu umhverfismatsins.

„Niðurstæða þessa umhverfismats er á margan hátt athyglisverð og gefur einhverja hugmynd um ástand

umhverfismála hjá fyrirtækjum í Ísafjarðarbæ. [...] Sú spurning sem endurspeglar ef til vill einna best hið raunverulega ástand umhverfismála í Ísafjarðarbæ er síðasta spurningin það sem spurt er hvort svarandi telji fyrirtæki í Ísafjarðarbæ eiga við umhverfisvandamál að stríða. Eins og fram kom áður skiptust svarendur í tvær nánast hnífjafnar fylkingar og því greinilega skiptar skoðanir um þetta mál“, segir í niðurstöðu matsins.

Í lokaorðum niðurstöðunnar segir: „Það er vissulega margt sem má betur fara hjá

fyrirtækjum Ísafjarðarbæjar en einnig margt, ef ekki fleira, sem við getum verið ánægð með. Að lokum má nefna að fljótlega eftir heimsóknina mátti sjá að fyrirtækin höfðu til umhugsunar eftir fyrri heimsóknina og á nokkrum stöðum er búið að setja blóm við byggingar og hreinsa til á lóðum. Þessi viðbrögð þurfa þó ekki að koma á óvart því að það er oft að fólk verður samdauna umhverfi sínu og hættir að taka eftir því sem mætti betur fara og er því ánægt þegar einhver bendir á það sem fara má betur.“

## Neðstikaupstaður á Ísafirði

# Gestum fjölgar miðað við sama tíma í fyrra

Talvert fleiri ferðamenn hafa sótt Byggðasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði heim það sem af er júlí en á sama tíma í fyrra. „Við fundum fyrir örlitilli aukningu í júní, þrátt fyrir að þá hafi engin skemmtiferðaskip komið til bæjarins. Það sem af er júlí hefur verið talsverð aukning

gesta. Sem fyrr virðast Íslendingar vera heldur fleiri en erlendir ferðamenn“, segir Heimir Hansson, safnvörður í samtali við blaðið.

Greiðasala í Tjörukaffi hefur tekið mikinn kipp í júlí.

„Það var tiltölulega rólegt í júní, en gestum hefur fjölgað mikið að undanförmu. Það er

skemmtilegt að segja frá því að ferðamenn eru mjög ánægðir, ekki bara með safnið og kaffihúsið í Neðstakaupstað, heldur með Ísafjörð allan og þá sérstaklega miðbæinn. Helst kemur það Íslendingum á óvart hvað allt er í miklum blóma“, segir Heimir.

# smáar

Óska eftir 2ja herb. íbúð til leigu, helst á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 849 0113.

Til sölu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði á mjög góðu verði. Góð eign til að byrja á. Uppl. í síma 690 2100.

Til leigu er lítil íbúð á eyrinni á Ísafirði. Laus frá og með 15. júlí. Uppl. í síma 896 0542.

Til sölu er lítil Whirlpool ísskápur, aðeins notaður í 1 ár. Verð kr. 16 þús. Uppl. í símu 456 4011 og 848 0528.

Til sölu er amerískt, king size rúm, sófasett og þurrkari. Uppl. í síma 690 3115.

Til sölu er vandað og gott skrifborð. Uppl. í síma 456 8230.

Til sölu er nettur leður hornsófi ásamt borði. Verð kr. 30.000. Uppl. í síma 690 7270.

Óska eftir konu til að þrifa heimahús tvisvar í mánuði. Uppl. í síma 660 6081.

Frá 1. september er til leigu stúdíóíbúð að Hlíðarvegi 42 á Ísafirði. Uppl. í símu 456 3704 og 456 4022.

Til sölu er dökkgræn Silver Cross barnavagn með bátalaginu. Verð kr. 15.000. Uppl. í síma 861 4654.

Blár Nokia 6110 GSM-sími tapaðist fyrir ca. tveimur mánuðum. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 863 4295 eða 456 4295.

Óska eftir að leigja 1-2ja herb. húsnæði á Skutulsfirði næsta vetur. Reglusemi og skilvísing greiðslum heitið. Uppl. í síma 456 2025 eða 869 4787.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Engjavegi 17. Leigist frá og með 1. ágúst. Leiga kr. 30.000. á mánn. Uppl. í síma 867 0397.

Til sölu er Apollo Lux tjaldvagn. Uppl. í síma 456 5481.

Til sölu er sófaborð, hillusamstæða og tölvuborð fyrir lítinn pening. Uppl. í símu 456 5063 og 866 7012 e. kl. 16.

Til sölu er uppstoppaður refur og fálki. Uppl. í síma 861 4709.

Til sölu er emaleruð Sólo eldavel. Uppl. í síma 855 4100.

Til leigu er 4ra herb. íbúð frá 4. ágúst nk. Sér innangur og geymslur. Vel staðsett. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 867 5161.

## Mýrakirkja

# Tónleikar á föstudag

Sópransöngkonan Diljá Sigursveinsdóttir heldur tónleika í Mýrakirkju í Dýrafirði á föstudag kl. 21:00 við undirleik Guðnýjar Einarasdóttur, organista.

Mýrakirkja fagnaði 100 ára afmæli árið 1997 og hafa vandaðir, menningar- og kirkjulegir viðburðir verið fastir liðir í sumardagskrá kirkjunar síðan þá, enda hentar hún vel fyrir slíka starfsemi þar sem hljómburður í henni þykir afar góður og nægt rými er fyrir áhorfendur.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis, en dagskrá þeirra samanstendur af fjölda laga úr ýmsum áttum og er þar m.a. að finna falleg íslensk sönglög sem flestir ættu að þekkja. Sóknarnefnd Mýrakirkju býður alla velkomna.

# Sitja við ritstörf í verbúð Norðurtangans

Hjónin Hrafn Jökulsson og Guðrún Eva Mínervudóttir hafa um nokkurra vikna skeið dvalið í fornri verbúð á Eyri við Skutulsfjörð og hyggjast ekki snúa á heimaslóðir í Reykjavík fyrr en líða tekur á sumar. Hrafn er kannski kunnastur fyrir störf sín í fjölmiðlageiranum, en hann hefur komið víða við á blaðamannskerli sínum, nú síðast á vefmiðlinum Pressunni.is. Undanfarið hefur hann þó varið mestum tíma í þágu skákgyðjunnar, og er að undirbúa ýmislegt henni til dýrðar. Guðrún Eva er rithöfundur að atvinnu og hefur gefið út smáar sögur og stærri sem jafnan hafa hlotið góðar viðtökur hjá gagnrýnendum jafnt sem lesendum. Til Ísafjarðar segjast þau hafa komið til þess að öðlast frið frá erlinum í höfuðborginni, og einbeita sér að vinnu sinni án utanaðkomandi truflana.

## Skrölt vestur á skrjóðnum góða

Meðal þess sem varð til þess að draga athygli Hrafn og Guðrúnar Evu að Ísafirði sem ákjósanlegum sumardvalarstað eru fræðimannaíbúðir sem fregnir bárust af að Ísafjarðarbær ætlaði sér að starfrækja í vannýttum félagslegum íbúðum sem eru margar í sveitarfélaginu. Ekki hefur hugmyndinni verið komið í framkvæmd enn þótt þrýðileg sé, þannig að þegar parið hafði samband við bæjarskrifstofuna vísaði starfsfólk hennar á hugmyndasmiðinn Elísabetu Gunnarsdóttur, arkitekt með meiru. Hún reyndist hjálpsæmin öll og var meira en lítið tilbúin að hýsa þau í gamalli verbúð Norðurtangans sáluga við Tangagötu.

„Þetta er þrýðilegt sumarhús,“ segja þau. „Það minnr reyndar á eyðibýli, en hefur þess mun meiri sál og sjarma. Við skröltum hingað vestur á gamla skrjóðnum á sjómanna-daginn og sjáum ekki eftir því. Það er gott að vera á Ísafirði.“

## Nota hvert tilefni til rjómaterugerðar

Daginn sem viðtalið fór fram vildi svo skemmtilega til að Guðrún Eva átti sjö ára starfsafmæli sem rithöfundur og var því fulltrúa blaðsins boðið upp á ljúffenga rjómateru með tilheyrandi kaffi. Tæpast er algengt að rithöfundar geti tímasett upp á dag hvenær þeir hófu skriftir því yfirleitt er um að ræða langa þróun frá frístundadútlí og yfir í skipulagðari vinnubrögð sem síðan skila sér í fyrsta

ritverki. Ferill Guðrúnar Evu hófst þó með öðrum hætti og óvenjulegri.

„Ég hafði sáralítið gert af því að skrifa þegar ég byrjaði á minni fyrstu sögu. Ég fékk bara einn daginn góða hugmynd að sögu og settist í framhaldinu niður og skrifaði hana. Þannig stendur nú á því að ég get haldið upp á rithöfundar-afmæli mitt. Þar að auki var þetta þrýðilega tilefni fyrir Hrafn að tölfrá fram enna rjómateru, enda er hann snillingur í þeirri listgrein.“

Rithöfundarferill Guðrúnar Evu spannar eitt smásagnasafn, þrjár skáldsögur, kennslubók (safn heimspekilegra smásagna fyrir börn) og hálfu ljóðabók sem verður að teljast nokkuð góður árangur á aðeins sjö árum. Nýjasta verk hennar, „Albúm“, kom út nú á vordögum, en útgáfa hennar var einskónar tilraun til uppreisnar af hálfu Guðrúnar Evu.

„Ég reyndi að safna liði meðal höfunda til þess að gefa út bækur að sumarlagi og brjóta þannig upp þá hefð að aðeins megi gefa út bækur fyrir jólin. Ég endaði reyndar bara ein á báti, en það er aldrei að vita hvort að þessi tilraun eigi eftir að verða fyrsti spottinn í byltingunni. Það myndi í það minnsta gera bæði bókaforlögum og rithöfundum gott að mínu mati,“ segir Guðrún Eva. „Albúm“ hefur fengið ágætar viðtökur þrátt fyrir að hafa ekki komið út á jólavertíðinni. Bókin hefur sérkennilega uppbyggingu, en í henni gerir Guðrún Eva ævi ungrar stúlku skil með stuttum frásögnum. Nýstárleg stílbrigðin virka vel í bókinni og ættu flestir að geta haft gaman af henni.



## Sagan af sjóreku píanónum

Ísafjarðardvölinu nýtir Guðrún Eva til þess að vinna að annari skáldsögu sem fyrirhugað er að komi út síðar á árinu. Verkið er titlað „Sagan af sjóreku píanónum“, en höfundurinn fæst ekki til að ljóstra frekar upp um innihald hennar né söguþráði, enda erfitt að gera heilli skáldsögu skil í einni setningu. Hrafn virðist þó kunnugur bókinni og segir að íslenskir lesendur megi búast við afbragðs lestri

þegar hún kemur út í vetur. Sjálfur er Hrafn að vinna að margvíslegum verkefnum í verbúðinni við Tangagötu.

„Ég er m.a. að undirbúa vetrarvertíð í skákinni,“ segir Hrafn, en hann er sem kunnugt er forseti Skákkfélagsins Hróksins, sem kom eins og stormsveipur og sigraði á Íslandsmóti skákkfélaga í vor. Hrókurinn byrjaði í 4. deild fyrir fjórum árum, vann eina deild á ári og sigraði með yfirburðum í efstu deild í fyrstu tilraun. Í liði Hróksins voru heimsfrægir meistara í bland við unga og efnilega skák-

menn. Hrafn segir að Hrókurinn muni freista þess að verja Íslandsmeistaratilinn næsta vetur. Fyrsta viðureign félagsins í haust verður einmitt gegn Taflfélagi Bolungarvíkur og Hrafn talar af virðingu um þá andstæðinga.

„Margir góðir skákmenn koma af Vestfjörðum og lið Bolungarvíkur er afar vel skipað. Í liði þeirra eru harðsnúnar kempur, þeir eru firna baráttumenn.“ Þá mun Hrókurinn standa að alþjóðlegu skákmóti á Hótel Selfossi í haust og verður það sterkasta mót sem fram hefur farið á

Íslandi í meira en áratug. Meðal keppenda verða Jóhann Hjartarson, stigahæsti skákmaður Norðurlanda, sem ekki hefur teft á kappskákarmóti í fimm ár, Ivan Sokolov og Predrag Nikolic, en allir eru þeir svokallaðir „ofurstórmeistarar“. Þarna verður líka Luke McShane, yngsti landsliðsmaður Breta og fv. heimsmeistari barna, auk fjölda annarra meistara, íslenskra og erlendra. „Mótið á Selfossi verður efalust bæði skemmtilegt og spennandi,“ segir Hrafn.

„Mig langaði að færa skák-

ina út fyrir Reykjavík, enda hefur alþjóðlegt mót aldrei verið háð á Suðurlandi. Hér vestra voru hinsvegar haldin tvö alþjóðlegt mót á níunda áratugnum. Þau voru skipulögð af Jóhanni Þóri Jónssyni, þeim mikla skipuleggjanda og velgjörðarmanni skáklistarinnar. Ég er að láta mig dreyma um að skipuleggja alþjóðlegt skákmót á Vestfjörðum á næsta eða þarnaesta ári, og auglýsi hér með eftir áhugasömum samstarfsaðilum! Skákmót eru ótrúlega skemmtileg vítamínsprautu í mannlífið. Norsku landnemarnir tóku með sér taflsett til Íslands og því má segja að eiga skáklitin og Íslendingar hafi átt samleið frá upphafi. Skákin er þannig skemmtilegur hluti af þjóðararfi Íslendinga. Við eigum að gæta arfsins, ekki satt, og ávaxta hann.“

Hrafn er ekki hættur ritstörfum, þótt hann segist í kærkomnu frí frá blaðamenskunni. „Ég er með sitt hvað í takinu, meðal annars í samvinnu við Illuga, bróður minn. Mig langar að skrifa ótal bækur, en næsta árið fer að miklu leyti í þjónustu við skákgyðjuna.“

## Fóstursonur Strandanna

Faðir Hrafn, leikskáldið Jökull Jakobsson (1933-1978), ætti að vera flestum Vestfirðingum að góðu kunnur, en hann dvaldi langdvölum á Ísafirði á áttunda áratug síðustu aldar og sótti þaðan sjóinn milli þess sem hann drakk í sig mannlífið og nýtti til innblásturs í verk sín. Sjálfur er Hrafn ekki ókunnur Vestfirðum með öllu því hann vann meðal annars í fiski í Hnífsdal um nokkurra vikna skeið þegar hann var á átjándu aldursári.

„Ég bjó á verbúðinni Heimabæ, sem var þá alræmdur sukkstaður. Reyndar stóð hún ekki undir væntingum hvað það varðaði, sem hentaði mér alveg ágætlega. Tengsl mín við Vestfjarðakjálkann eru hinsvegar sterkari norður á Ströndum, enda var ég mörg sumur vinnudrengur hjá sómafólkinu Guðmundi bónda Jónssyni í Stóru-Ávík og Huldu Kjörenberg. Ég er þakklátur fyrir þá lífsreynslu að hafa kynnst lífsbaráttunni á Ströndum og fólkinu þar. Ég naut líka þeirra forréttinda að vera nokkra hríð með Kristni Drangajarli og hans fólki á Seljanesi og Dröngum. Þaðan á ég minningar sem mér þykir vænt um.“

– Nú hafa skoðanir þínar oft vegið þungt í þjóðmálaumræðunni. Hefur þú myndað þér einhverjar sérstakar skoðanir á bæjarpólitík í Ísafjarðarbæ á þeim stutta tíma sem þið hafið dvalið hér?

„Nei, ekki get ég sagt það. Ég fylgdist með bæjarstjórnarkosningunum og tók eftir að hér voru jafnmargir framboðslistar og í höfuðborginni, sem bendir vissulega til að hér séu margir sem láta sig pólitík varða. Það er jákvætt, því mér finnst að allir eigi að hafa áhuga á pólitík.“ Þó Hrafn sé ekki kunnugur bæjarfulltrúum á Ísafirði styður hann eindregið launahækkun til þeirra, sem nokkuð hefur verið deilt um að undanförun.

„Ég sá í blaðinu ykkar að einhverjir voru að kvarta yfir því að laun bæjarfulltrúanna hefðu verið hækkuð. Þau voru hinsvegar ákaflega lítilfjörleg og mér finnst sjálfsagt að fólk fái laun fyrir störf í þágu samfélagsins. Svo hafa nú margir ísfirskir stjórnálamenn náð langt á landsvísi, og sjálfsagt að halda uppeldisstarfinu áfram,“ segir Hrafn og minnir á að Ísafjörður hafi áður og fyrrum verið pólitískur suðupottur.

## Rabbað í Samkaupum

Milli þess sem hjónin skrifa og skipuleggja hafa þau verið dugleg að kynna sér Ísafjörð og næsta nágrenni. Sundferðir og fjallgöngur hafa ofan af fyrir þeim auk þess sem bílferðir til nágrennabæjanna eru tíðar.

– Hvernig hefur ykkur svo líkað vistin á Vestfjörðum það sem af er?

„Ljómandi vel. Hér er fegurð og friður, gott mannlíf og blómleg menning. Einn daginn var hægt að velja milli þess að fara á opnun listsýningar eða horfa á kraftakarla leika listir sínar úti á götu, og skömmu síðar voru þúsund harmóníkuspilarar búnir að leggja undir sig bæinn. Svo er gaman að rölja um bæinn, fara niður í fjöru eða upp í fjall,“ segir Guðrún Eva.

Ög þeim hefur verið vel tekið af heimamönnum?

„Jú, sannarlega. Hér býr hressilegt og skemmtilegt fólk, og ég lenti reglulega á kjaftatörn í sundlauginni, bókasafninu eða í Samkaupum. Ég hef ekki fundið annað en við farfluglarnir að sunnan séum meira en velkomin,“ segir Hrafn og skötuþjúin kveðja og halda áfram vinnu sinni við ódaudleg meistara- verk og skipulagningu stórmeistaramóta.

## Meistaramót Golfklúbbs Ísafjarðar 2002

# Magnús Gautur og Anna Ragnheiður klúbbmeistarar

Meistaramót Golfklúbbs Ísafjarðar var haldið um helgina. Keppt var í þremur karlaflokkum, kvenna- og unglíngaflokki. Í 1. flokki karla sigraði Magnús Gautur Gíslason, en hann sló alls 314 högg á mótinu. Næstir komu Þorsteinn Örn Gestsson með 317 högg og Hákon

Hermannsson með 321 högg, en sá síðastnefndi afrekaði að fara holu í höggi á 15. braut.

Í öðrum flokki karla sigraði Ingi Magnfreðsson á 341 höggi, en Gunnar Sigurðsson og Óli Reynir Ingimarsson komu næstir með 346 og 353 högg. Þá var Jakob Ólafur Tryggvason efstur kylfinga í

3. flokki, sló alls 373 högg á mótinu. Gunnar Þór Helgason varð í öðru sæti á 382 höggum, en Finnur Magnússon í því þriðja með 384 högg.

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir varð hlutskörpust kvenna, fór hringina á 185 höggum, en Kolbrún Benediktisdóttir varð önnur með

210 högg og Margrét Ólafsdóttir í þriðja sæti með 237 högg.

Í unglíngaflokki sigraði Sigurður Fannar Grétarsson með yfirburðum, sló 161 högg, en næstir komu Loftur G. Jóhannesson með 183 högg og Magnús H. Guðmundsson með 189 högg.

## Meistaramót Golfklúbbs Bolungarvíkur 2002

# Bjarni og Guðrún sigruðu

Bjarni Pétursson og Guðrún D. Guðmundsdóttir sigruðu á meistaramóti Golfklúbbs Bolungarvíkur sem haldið var um helgina. Leiknar voru 36 holar í tveimur flokkum karla, en 18 holar í kvenna- og unglíngaflokki.

Bjarni var með átta högga forskot á Birgi Olgeirsson sem kom næstur í 1. flokki karla eða 163 högg á mótinu 171 höggi hjá Birgir, en þriðji varð Unnsteinn Sigurjónsson á 175 höggum. Í 2. flokki karla sigraði Guðmundur Ó. Reynisson á 196 höggum, annar varð Jóhann Þór Ævarsson á 199 höggum



Verðlaunahafar á mótinu. Ljósmynd: Baldur Smári Einarsson.

og Jón Þorgeir Einarsson varð þriðji á 200 höggum.

Guðrún sigraði í kvenna- flokki á 134 höggum en þar

voru leiknar 18 holar. Valdís Hrólfisdóttir varð önnur á 138 höggum og Fjóla Bjarnadóttir varð þriðja á 149 höggum. Þá

sigraði Hafsteinn Þór Jóhannesson í flokki unglínginga á 114 höggum.

## Samkomuhúsið á Reykhólum

# Hlunnindasýning opnuð

Hlunnindasýning verður formlega opnuð í samkomuhúsinu á Reykhólum nk. laugardag, 27. júlí kl. 14:00.

Á sýningunni verður nýting sels gerð góð skil sem og nýting æðarfugls og sex tegunda sjófugla. Þá eru á sýningunni, myndir og uppsettir hlutir og er allur skýringartexti bæði á íslensku og ensku auk þess sem sérstakt barnahorn hefur verið sett upp. Í frétt frá Reykhólahreppi segir að með sýningunni sé stigið skref í þá

átt að auka menningartengda ferðapjónustu á landsbyggðinni.

„Höfuðbólið Reykhólar í Austur-Barðastrandarsýslu er viðurkennt sem mikil hlunnindajörð. Þar sátu höfðingjar til forna og höfðu um sig hirð mikla. Væringar voru tíðar með mönnum og því oft gott að ekki var langt að leita fanga til matar fyrir heimilisfólk og gesti. Breiðafjörðurinn var og er mikil matarkista. Eyjarnar á Breiðafirði og sjórinn þóttu gefa vel, bæði af fugli og

fiski,“ segir í frétt frá hreppnum um þessa sýningarinnar.

Að uppsetningu hlunnindasýningarinnar stóðu þau Sigurún Kristjánsdóttir, þjóðfræðingur, Finnur Arnar Arnarson, leikmyndasmiður og Þórarinn Blöndal, myndlistarmaður, auk heimamanna sem smíðuðu og máluðu og unnu að útvegun muna. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 13-18 til 15. ágúst. Eftir þann tíma verður opnunartíminn stuttur.

„Það er tilvalið að skreppa í helgarferð til Reykhóla sem

er aðeins í rúmlega 200 km fjarlægð frá Reykjavík, skoða þessa fögru sveit, þar sem landslag er afar fjölbreytt. Gista í tjaldi eða á gistiheimili, fara í sund og heita potta, nota sér gönguleiðir sem búið er að merkja í nágrenninu, skoða hlunnindasýninguna og enda svo með góðum kvöldverði í Bjarkalundi, þar sem einnig er hægt að gista,“ segir í frétt frá Reykhólahreppi.

## Bjarnabúðarmótið í golfi

# Á þriðja tug kylfinga tóku þátt

Bjarnabúðarmótið í golfi fór fram á Syðridalsvelli í Bolungarvík á sunnudag. Alls mætu tæplega 30 kylfingar til leiks og léku 18 holar með punktakeppnisformi. Þorleifur Ingólfsson sigraði á mótinu, hlaut 40

punkta, en Unnsteinn Sigurjónsson varð annar með 39 punkta. Þá hlaut Páll Guðmundsson 38 punkta.

Hólfríður Einarisdóttir þótti kvenna best enda hlaut hún 32 punkta. Margrét Ólafsdóttir varð önnur með 31



Verðlaunahafar á mótinu.

punkt, en Anna Ragnheiður Grétarsdóttir þriðja með 30 punkta. Þá sigraði Sigurður Fannar Grétarsson í unglíngaflokki og hlaut hann 28 punkta.

Að venju voru veitt verðlaun fyrir lengsta þútt á 9. flöt, en að auki voru veitt

nándarverðlaun á 12. og 14. holu. Jón Þorgeir Einarsson átti það teighögg sem næst fór 12. holu, en bolti Önnu Ragnheiðar lenti næst 14. holu. Unnsteinn Sigurjónsson átti svo lengsta þúttið á 9. flöt.



Gámapjónusta Vestfjarða ehf  
☎ 456 4340 & 456 4760

## Bílstjóri óskast

Bílstjóri með meiraprófsréttindi óskast til afleysinga í einn mánuð.

Upplýsingar gefur Ragnar í sínum 892 0660 og 456 4710.

## Ögurballið haldið um helgina

# Boðið upp á rabbabara-graut og rjóma

Hið árlega Ögurball verður haldið á laugardag. Böll þessi hafa ætíð þótt nokkuð sérstök, ekki síst fyrir þær sakir að ballgestir fá rabbabara-graut með rjóma á miðjum dansleik.

Að sögn Leifs Halldórssonar, annars tveggja skipuleggjenda dansleiksins, er það húsfreyjan í Ögri, María Guðröðardóttir, sem eldar grautinn.

„Það munu allir fá góðan skammt af graut á ballinu“, segir Leifur.

Undanfarin ár hefur hefð skapast fyrir því að menn sigli að Ögri og leggi þar bátum sínum. Skipuleggjendur dansleiksins vona að sem flestir sjá sér fært að sigla, því bátar á legufæri gefa Ögri skemmtilegan blæ. Að þessu sinni munu Þórunn og Halli leika fyrir dansi í samkomuhúsinu í Ögri.

Um 200 manns mættu á ballið í fyrri og er búist við svipaðri aðsókn í ár.



Ögur við Ísafjarðardjúp.

## Ísafjörður

# Júlíus með 60 milljón króna aflaverðmæti

Júlíus Geirmundssyni kom til hafnar á Ísafirði á mánudag með um 230 tonn af afurðum eftir 24 daga að veiðum á Hampiðjutorginu.

Verðmæti aflans, sem samanstendur að mestu af grálúðu, er 60 milljónir króna. Skipstjóri í veiðiferðinni var Ómar Ellertsson. Áætlað er að Júlíus haldi aftur til veiða á föstudag.

Andey kom til hafnar í Súðavík á sunnudag með 33 tonn af rækju og Framnesið kom á mánudag með um 38 tonn.

# Niðurstöður mælinga og þakkir til hjúkrunarfræðinga

Laugardaginn 8. júní s.l. var boðið upp á mælingu á blóðþrýstingi og blóðfitum (heildarkólesteróli) ásamt útreikningi á líkamsþyngdarstuðli, á heilsugæslustöð Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar. Var mælingin í boði Félags hjartasjúklinga á Vestfjörðum í til efni aðalfundar félagsins, í samvinnu við Landssamtök hjartasjúklinga og SÍBS.

Fyrir hönd ofangreindra aðila vil ég þakka þeim sjö hjúkrunarfræðingum er stóðu að mælingunum en framkvæmd þeirra og fyrirkomulag tókust með miklum ágætum. Einnig vil ég þakka fyrir þá góðu aðstöðu sem við fengum á heilsugæslustöðinni. Samsonar mælingar hafa farið

fram víða um landið en er það mál manna að sjaldan hafi jafn vel tekist til og nú.

Niðurstöður úr þessum mælingum liggja nú fyrir. Rétt er að geta þess að niðurstöður mælinganna voru á engann hátt persónugreinanlegar. Á þeim fjórum klukkutímum sem mælingarnar stóðu yfir komu alls 103 gestir. 72 konur og 31 karl, á aldrinum 21 til 88 ára. Meðalaldur var 52 ár. Þegar á heildina er litið má segja að mælingarnar á blóðþrýstingi og kólesteróli hafi komið vel út. Efri mörk blóðþrýstings voru að meðaltali 126.5 mmHg og neðri mörkin 77 mmHg. Æskilegt er að vera sem næst 120 mmHg í efri mörkum og 80 mmHg í

þeim neðri. Gildið á heildarkólesteróli var að meðaltali 4.93 mmol/L en æskilegt er að vera undir 5–5.5 mmol/L. Þegar skoðaður er munur milli kynja kemur í ljós að karlarnir voru að jafnaði með hærri blóðþrýsting en konurnar með hærri gildi á kólesteróli.

Af þeim 103 sem voru mældir greindust tæp 13 % með háþrýsting en einungis ein þeirra reyndist vera ný greining. 59 % gestanna reyndust vera með heildarkólesteról undir 5 mmol/L, 27 % með 5–6 mmol/L og 14 % með yfir 6 mmol/L. Hjá samtals 10 einstaklingum var um áður óþekkt hækkun á kólesteróli að ræða. Þessi góða útkoma á gildum blóðþrýst-

ings og kólesteróls gæti að einhverju leiti falist í því að rétt tæpur helmingur gestanna notaði að jafnaði blóðþrýstings- og / eða blóðfitulækkandi lyf.

Niðurstöður útreikninga á líkamsþyngdarstuðli (BMI) voru ekki eins jákvæðar. Þar reyndust fæstir vera í kjörþyngd eða samtals 24 %. 43 % gestanna flokkuðust í ofþyngd og 33 % áttu við offitu að stríða. Algengara var að karlar væru í ofþyngd á meðan konurnar reyndust í fleiri tilvikum vera ýmist í kjörþyngd eða með offitu.

Ég vil nota hér tækifærið þakka fyrir góða þátttöku í mælingunum og hvetja fólk til þess að nota sumarið til að

## „Góður göngutúr í sumarblíðunni hressir alla og kætir“



### Jóhann Kárason, formaður Félags hjartasjúklinga á Vestfjörðum skrifar

huga að heilsunni. Góður göngutúr í sumarblíðunni hressir alla og kætir og styrkir hjarta- og æðakerfið. Auk þess vil ég benda á blóðþrýstingsmælingu og ráðgjöf hjúkrunarfræðings á heilsugæslustöðinni, fyrsta mánudag hvers mánaðar, milli kl. 17 og 19, öllum að kostnaðarlausu. Vegna verslunarmannahelganna verður næsta mæling 12. ágúst n.k.

Að lokum vil ég óska þeim níu hjúkrunarfræðingum er útskrifuðust frá Háskólanum á Akureyri í Ísafjarðarkirkju þann 17. júní s.l. hjartanlega

til hamingju og óska þeim vel farnaðar í starfi. Það er ánægjulegt til þess að vita að þær hafi allar átt þess kost að starfa hér í byggðarlaginu. Skemmtileg tilviljun að það skildi einmitt vera Ísfirðingurinn Þórarinn Sigurðsson deildarforseti heilbrigðisdeildar HA, er lengi átti heima hér, sem brautskráði þær við hátíðlega athöfn.

Varðveit hjarta þitt því þar er uppspretta lífs þíns!

Fyrir hönd Félags hjartasjúklinga á Vestfjörðum, Landssamtaka hjartasjúklinga. Jóhann Kárason.

# Þú skalt á Suðureyri!

Sveitarstjórnir eru sá þáttur stjórnsýslunnar sem gjarnan er talað um í sömu andrúnni og nauðsyn þess að færa ákvarðanatöku nær íbúum sveitarfélaganna. Nú er svo komið að sveitarstjórnir bera ábyrgð á rekstri grunnskóla eftir að sá verkþáttur var fluttur frá til þeirra frá ríkinu. Ýmislegt hefur verið rætt um þann tilflutning enda mátti öllum vera ljós sú staðreynd að sveitarfélög á Íslandi eru mjög misjöfn að gerð. Íbúafjöldi þeirra er frá nokkrum tugum til þess að telja á annað hundrað þúsund. Á Vestfjörðum er nú svo komið að heildarfjöldi íbúa nær ekki átta þúsundum. Enn eru sveitarfélögin þar þó 11 talsins.

Ísafjarðarbær er hið fjölmennasta og tekur til svæðis sem áður taldi þegar mest lét 11 sveitarfélög. Fyrir sameiningu 1996 voru þau þó aðeins sex. Snæfjallahreppur hafði áður sameinast Ísafjarðarkaupstað og Auðkúluhreppur sömuleiðis Þingeyrarhreppi. Enn fyrr hafði Eyrarhreppur sameinast Ísafirði og Grunnvíkurhreppur Snæfjallahreppi og síðar var eyðihreppurinn Sléttuhreppur lagður undir Ísafjörð.

Hvað hefur þessi þróun að gera með flutning grunnskólanas til sveitarfélaganna? Svárið er einfalt. Til þess að vera fær um taka að sér verkefni þurfa sveitarfélögin að hafa burði og getu til þess að ráða fram úr vandamálum og viðfangsefnum sem upp koma. Krafa íbúa til þjónustu grunnskólans hefur heldur vaxið við flutninginn. Deilur þær sem nú eru uppi sýnast glöggt dæmi um það. Foreldrar barna á Suðureyri setta sig ekki við þá ákvörðun skólafyrvalda í Ísafjarðarbæ að grunnskólabörn

þar eigi að sækja skólann á Suðureyri og megi því ekki sækja grunnskólann á Ísafirði. Sú ákvörðun að gera grunnskólanemendum á Suðureyri skylt að sækja skólann þar er að mörgu leyti skiljanleg. Meðan grunnskóla er haldið uppi þar er það eðlileg tilætlun sveitarstjórnar að grunnskólanemendur á Suðureyri sækji skólann á Ísafirði undanfarin ár verður þessi tilskipan eftitæktarverð. Ekki er að sjá að neitt hafi breyst nema ef vera skyldi að aukin ásókn nemenda frá Suðureyri sé í Grunnskólann á Ísafirði. Nú munu vera átján Suðureyribörn sem óska grunnskólagöngu á Ísafirði.

Tvennt vekur sérstaka athygli. Hið fyrri er að skólalæstjórinn á Suðureyri virðist koma af fjöllum. Hið síðara er er fullyrðing þeirra foreldra sem nú lýsa óánægju sinni með breytt fyrirkomulag. Þau segja fullum fetum að ekki sé tekið á einelti í grunnskólanum á Suðureyri. Einelti er nú orðið viðurkennt vandamál og enn fremur talið hafa áhrif til framtíðar á þau börn sem fyrir því verða. Sérfræðingar telja að taka þurfi á þessu mikla vandamáli strax og af fullri alvöru. Hvað sem öðru líður er brýnt að skólafyrirvöld upplýsi hvað er á ferðinni og skýr svör fáist við því hvort ekki skuli ríkja jafnræði með nemendum grunnskóla í Ísafjarðarbæ óháð búsetu.

Fullyrðing stendur gegn fullyrðingu, en með hag grunnskólans og nemenda hans að leiðarljósi verður að upplýsa málið.

## Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Netspurningin

### Spurt var:

### Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Alls svöruðu 444.  
Já sögðu 56 eða 12,61%  
Nei sögðu 346 eða 77,93%  
Óvíst sögðu 42 eða 9,46%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Þorsteinn Másson, vélstjóri

# Hundrað hestafla gumpur

„Þetta Benz merki fékk ég mér undir áhrifum áfengis veturinn 1998, þegar lista-smiðstöð Andrúms var enn við lýði í Hlíðarskjólshúsinu sælla minninga. Þannig var að ég var eitthvað að sniglast í kringum fólk sem var að fá sér húðflúr og listakonan Gugga, sem hafði málaraaðstöðu í húsinu,

vildi endilega fá að prófa tattógræjurnar. Ég bauð mig fram eins og sannur herramaður og valdi Benz merkið vegna þess að ég hef alltaf verið dyggur aðdáandi bifreiða af þeirri gerð. Þegar ég tók þátt í Djúpu lauginni á Skjá einum nokkru síðar fékk alþjóð síðan að sjá tattóið og ég var í langan tíma eftir þekktur sem „strákurinn

með benz merkið á rassinum“ meðal fólks sem vissi ekki hvað ég hét.

Ég sé lítið eftir því að hafa fengið mér þetta húðflúr, finnst það reyndar fínt og svo er það líka á þannig stað að ég þarf sjaldan að horfa á það sjálfur. Ég myndi hinsvegar aldrei gera þetta í dag, orðinn eldri og reyndari maður“



# Flúraðir Ísfirðingar

Undanfarin ár og áratugi hefur sá forni ættbálkasiður að skreyta hörund sitt varanlega með aðstoð nála og bleks farið sigurför um hinn vestræna heim og skarta

sífelld fleiri borgarar einhverskonar táknum á furðulegustu stöðum á líkamanum, sér og öðrum til yndisauka. Húðflúr eru ekki lengur aðeins fyrir siglda sjóara, mótór-

hjólatöffara og indíána, heldur má finna þau meðal fólks af öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins og gildir þá einu hvort rætt er um húsmæður á besta aldri eða bankastjóra.

Ísfirðingar eru ekki síður glysgjarnir en aðrir. Með þá staðreynd í huga fór blaðið á stúfana og fékk að skoða nokkur athyglisverð húðflúr sem ýmsir bæjarbúar hafa komið sér upp.

Ísak Benjamínsson, kerfisstjóri

# Hentar vel til ýmissa athafna

„Þetta húðflúr er þannig tilkomið að ég sat við drykkju ásamt félagamínunum og horfði á meðan á kvikmyndina „Mars attacks“, en í henni ganga illskeyttar geimverur um og tuldra „I come in peace“ milli þess sem þær skjóta jarðarbúa með geislabyssum. Okkur félögum fannst þetta eitthvað sniðugt og eltum stelpur niðri í bæ síðar um kvöldið með þessum sömu orðum, án nokkurs árangurs reyndar. Þetta

sat í mér og nokkrum árum síðar fékk ég vin minn til þess að tattóvera þessa setningu rétt neðan við mittið á mér. Tattóið hefur vakið nokkra athygli síðan þá og fyrst eftir að ég fékk það voru allir voða forvitnir að vita hvað stæði þarna. Ég hélt því lengi fram að það þyrfti að koma með mér upp í rúm til þess að komast í raun um það, en þar sem ég er ráðsettur maður þessa dagana get ég varla haldið því áfram.

Það er sérlega sárt að fá sér



tattó á þessum stað og ég kvaldist mikil meðan húðflúrurinn lauk sér af. Ég nenni ekkert að velta mér upp úr fortíðinni og sé þess vegna lítið eftir þessu. Svo finnst mér líka bara flott að sjá þetta í speglinum þegar ég



er búinn í sturtu, flúrið er eiginlega orðið hluti af mér.“

Heiðrún Björnsdóttir, sjúkraliði

# Gamall draumur rættist

„Ég var komin á fimmtugsaldurinn þegar ég fékk mér mitt fyrsta og eina húðflúr. Árið 1993 var ég stödd í Newcastle á Englandi ásamt eiginmanni mínum og áhöfn rækjutogarans Skutuls í helgarferð sem var farin fyrir hákarlasjóð

skipsins. Einhverjir af sjóurunum höfðu ákveðið að fá sér húðflúr á stofu sem var í bænnum og þar sem mig hafði alltaf dreymt um að skarta einu slíku ákvað ég að skreppa bara með þeim. Þegar þangað var komið bað ég um að fá að vera síðust í röðinni, þar sem



ég átti eftir að ákveða hvernig mynd ég vildi fá. Þegar komið var að mér að setjast í stólinn rak ég síðan augun í þessa mynd af stjörnumerkinu mínu og mér leist einna best á hana. Þarna gat ég látið gamlan draum rætast og þetta tók stutt af og var ekkert sérstaklega sárt. Því er ég sérstaklega ánægð með vatnsberann minn og er um þessar mundir að spá í því að fá mér jafnvel

annað húðflúr.

Húðflúrið veur nokkra athygli vegna þess hve gömul ég var orðin þegar ég fékk mér það, en fólk er ekkert hneykslað. Ég held samt að einhverjir úr fjölskyldunni hafi átt erfitt með að kyngja þessu fyrst um sinn, þó að nú hafi allir sætt sig við þetta og flestum þyki þetta bara nokkuð flott.“



Lárus Daníelsson, kraftakappi

# Öl er aldrei böll


„Ég fékk mér þetta húðflúr fyrir nokkrum árum síðan og hef ósjaldan kneyft frían mjöð eftir það, enda er þetta fyrirtaks auglýsing fyrir Egils öl og varanleg í þokkabót.

Þannig var að umboðsmaður Egils á Ísafirði var á þeim tíma Rúnar nokkur Rafnsson, sem starfaði líka með mér í Sjallanum. Ég spurði hann eitt sinn af rælni hvort að hann gæfi mér ekki kassa af bjór ef ég tattóveraði Egils lógóið á kálfann á mér og hann tók því furðu vel og sagðist til í tuskið. Ég hafði nú bara verið að grínast við hann, en fyrst



hann sór að standa við samninginn vildi ég ekki minni maður vera og ákvað að slá bara til. Kassann fékk ég vita-skuld og síðan þá hefur mér nokkrum sinnum tekist að sníkja frá Egils vörur út á húðflúrið.

Ég sé ekki vitund eftir að hafa látið tattóvera lógóið á legginn á mér, ég hugsa að ég drekki nú bjór þegar ég verð eldri og Egils gerðin er í miklu uppáhaldi hjá mér.“



Sigurvin Samúelsson, beitningamaður

# Hentug aðferð til að muna börnin heita

„Ég lét tattóvera nöfn barnanna minna á handlegginn fyrst og fremst til þess að undirstrika hve vænt mér þykir um hvert og eitt þeirra, þó ég segi stundum í gríni að þetta sé til þess að muna hvenær grislingarnir eiga afmæli og hvað þau heita. Það vantar reyndar tvö nöfn þarna á, því ég hef eignast tvær stelpur síðan, en ég á von á því að ég bæti þeim þarna á fyrr en síðar því ekki þykir mér minna vænt um þær.

Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um húðflúr og er með ein sjö slík dreifð um líkamann. Það fyrsta fékk ég í jólagjöf frá konuinni minni árið 1995.“



# helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

## veðrið

**Horfur á fimmtudag:** Sunnan og síðan suðvestan 13-18 m/s og rigning um allt land, mest þó sunnan og vestantil. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast norðaustantil.

**Horfur á föstudag:** Suðvestan strekkingur og rigning eða skúrir, en úrkomulítið norðaustan- og austantil. Heldur hlýn- ar í veðri.

**Horfur á laugardag:** Suðvestan strekkingur og rigning eða skúrir, en úrkomulítið norðaustan- og austantil. Heldur hlýn- ar í veðri.

**Horfur á sunnudag:** Suðvestan strekkingur og rigning eða skúrir, en úrkomulítið norðaustan- og austantil. Heldur hlýn- ar í veðri.

## netið

[www.isafjordur.is/skoli/sugandi](http://www.isafjordur.is/skoli/sugandi)

Málefni grunnskólans á Suðureyri hafa verið í brennidepli undanfarið svo sem Bæjarins besta hefur margsinnis greint frá. Ekki þykir hér ástæða til þess að rífa upp efni deilunnar, en áhugasamir um skólalífið í Súganda- firði geta glöggvað sig á ágætri heimasíðu skólans og þannig reynt að fá skýrari mynd af ástandinu. Á síðunni finna myndir úr skólalífinu, allar upplýsingar um skólann, starfsemi hans og starfsmenn ásamt tenglum á heimasíður nemenda og ýmis verkefni er þeir hafa unnið. Er óhætt að segja að burtséð frá öllum deilum um ágæti skólans er vefur hans fagmannlega unninn og útlitsfagur, en allt of bett er við að kastað sé til höndum þegar vefur á borð við þennan er hannaður.

**bb.is**  
- dagblað á netinu!



SJÓNVARPÍÐ

Föstudagur 26. júlí

- 16.45 Fótboltakvöld
- 17.00 Í úlfakreppu (1:3)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Stubbarnir (17:90)
- 18.30 Falda myndavélin (29:60)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Ævintýri Indiana Jones (8:22)
- 21.40 Þriðja augað. (After Alice)
- Bandarísk spennynd frá 1999. Drykkjusjúk lögga öðlast yfirsíðilega hæfileika sem nýtast honum vel í baráttu við raðmorðingja. *Adalhlutverk:* Kiefer Sutherland og Henry Czerny.
- 23.20 Niúnda hlíðið. (The Ninth Gate)
- Spennynd frá 1999 um bóksala sem dularfullur maður ræður til að hafa uppi á fornum dulspékirtum. *Adalhlutverk:* Goldie, Johnny Depp, Frank Langella, Lena Olin og Emmanuelle Seigner.
- 01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 27. júlí

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (44:90)
- 09.26 Maja (15:52)
- 09.33 Albertína ballerína (19:26)
- 09.45 Fallega húsið mitt (4:30)
- 09.50 Friðþjófur (9:13)
- 09.57 Babar (38:65)
- 10.23 Krakkarnir í stofu 402 (19:40)
- 10.45 Hundrað góðverk (6:20)
- 10.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn á Hockenheim-brautinni í Þýskalandi.
- 12.10 Kastljósið
- 12.30 Hvernig sem viðrar (9:10)
- 13.00 Vélhjólaspört. Sýnt er frá KFC & DV Sport Íslandsmóttinu í vélhjólakastri.
- 13.15 Skjáleikurinn
- 17.55 Tákn málsfréttir
- 18.05 Forskot (22:40)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Fjölskylda mín (3:8)
- 20.00 Storkurinn. (Delivering Milo)
- Bíómynd frá 2001. Kona er að því komin að eiga þegar að hriðarnar detta niður vegna þess að ófæddur sonur hennar á himnum neitar að koma í heiminn. Náungi sem er mitt á milli þess að vera í himnaríki eða helvíti er fenginn til að sannfæra strákna og að launum á hann að fá eilífa jarðvíst. *Adalhlutverk:* Anton Yelchin, Bridget Fonda, Campbell Scott og Albert Finney.
- 22.05 Barnaby ræður gátuna. (Midsummer Murders: Death of a Hollow Man)
- Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lög- reglufulltrúi glímir við dularfullt morð. *Adalhlutverk:* John Nettles, Daniel Casey, Nicholas Le Prevost og Angela Pleasance.
- 23.50 Milli tveggja elda. (Gun Shy)
- Spennynd í léttum dúr frá 2000 um úbrunna löggætt sem leitar til geðlæknis eftir að hann er gerður að milligöngu- manni ítalskra og kólumbískra bófa. e. *Adalhlutverk:* Liam Neeson, Oliver Platt, Sandra Bullock, Jose Zuniga og Richard Schiff.
- 01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 28. júlí

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Hans og silfurskautarnir
- 09.55 Andarteppe (17:26)
- 10.18 Svona erum við (14:20)
- 10.28 Ungur uppfinningamaður
- 11.00 Kastljósið
- 11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum á Hockenheim-brautinni í Þýskalandi.
- 14.10 Hvernig sem viðrar (9:10)
- 14.35 Timburmenn (6:8)
- 14.45 Skjáleikurinn
- 17.00 Mannsandlitið (4:4)
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Viktor
- 18.15 Sigga og Gunnar
- 18.30 Knútur og Knútur (3:3)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
